



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2011

**Varðar :** Frumvarp til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu, 702. mál

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá tækifæri á að koma með athugasemdir við ofangreint frumvarp. Frumvarpið er lagt fram til að breyta skattaumhverfi vegna olíu og gasvinnslu í lögsögu Íslands. Fyrri löggjöf var sett árið 2008 og útboð á leyfum til leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis árið 2009 var prófsteinn á lagaumgjörð þessarar atvinnugreinar hérlendis. Í því ferli kom fram gagnrýni á löggjöfina og líta má svo á að skattaumhverfið hafi reynst veruleg hindrun í útboðsferlinu.

Samtökin styðja þessa lagabreytingu og telja einföldun á kerfinu til verulegra bóta. Nauðsynlegt er að skattaumhverfið sé gegnsætt, auðskilið og í samræmi við það sem þekktist í samkeppnislöndum. Hafa þarf í huga að Drekasvæðið, sem fyrirhugað er að setja í útboðsferli innan tíðar, er á margan hátt fráhrindandi og verður að vera samkeppnishæft að þessu leyti. Fram kemur í greinargerð að horft var til Noregs við undurbúning frumvarpsins og teljum við rétt að nýta þannig áratuga reynslu nágretta okkar. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Gerð er athugasemd við 21. gr. um heimild ráðherra til að krefjast trygginga fyrir væntanlegum sköttum og gjöldum. Æskilegt væri að skýra þessa heimild til að tryggja að hún verði ekki veruleg aðgangshindrun fyrir nýja og smærri aðila.

Bryndís Skúladóttir,  
forstöðumaður umhverfismála